

1999 nr. 130 31. desember**Lög um ættleiðingar**

Tóku gildi 11. júlí 2000. *Breytt með:* L. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006). L. 69/2006 (tóku gildi 30. júní 2006). L. 143/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007). L. 51/2008 (tóku gildi 7. júní 2008). L. 65/2010 (tóku gildi 27. júní 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 117/2016 (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016). L. 35/2018 (tóku gildi 17. maí 2018). L. 32/2020 (tóku gildi 9. maí 2020). L. 107/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 43. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Ættleiðingar og lagaskilyrði fyrir þeim.**■ 1. gr. Leyfi til ættleiðingar.**

□ [Sýslumaður veitir leyfi til ættleiðingar. [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að ákveða að leyfisveitingar skv. II.–VI. kafla laga þessara verði á hendi eins sýslumanns.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 294. gr. ²⁾ L. 143/2006, 10. gr.

■ 2. gr. Hverjir geta verið ættleiðendur.

□ [Hjón . . . ¹⁾ eða einstaklingar sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman]²⁾ að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur.

□ [Öðru hjóna eða einstaklingi í . . . ¹⁾ óvígðri sambúð]²⁾ má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

□ [Öðru hjóna eða einstaklingi í . . . ¹⁾ óvígðri sambúð]²⁾ má og veita leyfi til ættleiðingar ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo hátt að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar.

□ Heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.

□ Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við [sambúð tveggja einstaklinga]²⁾ sem skráð er í þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum.

¹⁾ L. 65/2010, 14. gr. ²⁾ L. 65/2006, 16. gr.

■ 3. gr. Hverja má ættleiða.

□ Lög þessi taka til ættleiðinga barna innan 18 ára aldurs. Sama er um ættleiðingar þeirra sem eldri eru, nema annars sé getið og eftir því sem við á. Með orðinu barn samkvæmt lögum þessum er átt við barn eða ungmenni allt til 18 ára aldurs.

□ Eigi er manni heimilt að ættleiða kynbarn sitt, nema það hafi verið ættleitt áður og ættleiðing af hálfu kynforeldris þyki bæta hag barnsins.

■ 4. gr. Almenn skilyrði ættleiðingar.

□ Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi [barnaverndarþjónustu]¹⁾ á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ 5. gr. Aldur ættleiðanda.

□ Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

■ 6. gr. Samþykki þess sem ættleiða á.

□ Eigi má ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans, nema andlegum högum hans sé svo farið að hann

geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna hans að leita eftir því.

□ Áður en barn samþykkir ættleiðingu skv. 1. mgr. skal ræða við það á vegum [barnaverndarþjónustu]¹⁾ sem í hlut á og veita því leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

□ Ef barn sem ættleiða á er yngri en 12 ára skal með sama hætti og greinir í 2. mgr. leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ 7. gr. Samþykki þess sem fer með forsjá barns eða sérstaks lögráðamanns.

□ Samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þarf til ættleiðingar þess.

□ Ef högum annars foreldris sem fer með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið nægir samþykki hins. Ef þannig er áttast um báða foreldra þarf samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns barns.

□ Nú fer [barnaverndarþjónusta]¹⁾ með forsjá barns og þarf þá samþykki nefndarinnar²⁾ til ættleiðingar þess.

□ Veita má leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 1. eða 2. mgr. skorti, ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr. ²⁾ Nú „þjónustunnar“ eftir breytingar á heiti barnaverndarnefnda skv. l. 107/2021, 44. gr.

■ 8. gr. Form og efni samþykkis.

□ Samþykki til ættleiðingar skal vera skriflegt og skal viðkomandi staðfesta það fyrir starfsmanni [sýslumanns]¹⁾ sem vottar að viðkomandi hafi verið leiðbeint um réttaráhrif samþykkis og ættleiðingar. [Sýslumanni er í undantekningartilvikum heimilt að afla samþykkis viðkomandi rafrænt og veita leiðbeiningar í síma eða á fjarfundi.]²⁾

□ Samþykki er eigi gilt nema það hafi verið staðfest a.m.k. þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

□ Samþykki foreldra eða sérstaklega skipaðs lögráðamanns er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til þeirra sem [barnaverndarþjónusta]³⁾ ákveður. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

□ Nú er samþykki til ættleiðingar meira en 12 mánaða gamalt og skal það þá staðfest að nýju áður en afstaða er tekin til umsóknar um ættleiðingu, nema sérstaklega standi á.

¹⁾ L. 143/2006, 11. gr. ²⁾ L. 32/2020, 3. gr. ³⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ 9. gr. Samþykki veitt erlendis.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið að samþykki sem gefið er fyrir þar til bæru stjórnvaldi, dómstóli eða stofnun erlendis jafngildi samþykki sem staðfest er fyrir starfsmanni [sýslumanns],²⁾ sbr. 1. mgr. 8. gr., og má þá heimila frávík frá meginreglum 2.–4. mgr. 8. gr.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ L. 143/2006, 11. gr.

■ 10. gr. Afturköllun samþykkis.

□ Nú tekur aðili, sem veita skal samþykki skv. 6. og 7. gr., aftur samþykki sitt áður en ættleiðingarleyfi er veitt og er þá eigi heimilt að gefa út leyfi.

□ Veita má leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að foreldri eða sérstaklega skipaður lögráðamaður taki aftur samþykki sitt ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess

mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt og afturköllun á samþykki styðst eigi við gild rök.

■ **11. gr.** [Umsögn foreldris eða nákominna.]¹⁾

□ Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar. [Ef högum þess foreldris sem fer ekki með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið skal, ef unnt er, leita umsagnar nákominna skv. 2. mgr.]¹⁾

□ [Nú er annað foreldri látið eða bæði og skal þá, ef unnt er, leita umsagnar foreldra þess foreldris sem látið er, systkina þess foreldris sem látið er og systkina þess sem ættleiða á áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar, enda sé sá sem ættleiða á yngri en 18 ára. Heimilt er jafnframt að leita umsagnar annarra sem eru nákomnir barni, ef talin er þörf á, enda sé sá sem ættleiða á yngri en 18 ára.]¹⁾

¹⁾ L. 35/2018, 1. gr.

■ **12. gr.** *Umsögn lögráðamanns.*

□ Nú er sá lögræðissviptur sem ættleiða á og skal þá afla umsagnar lögráðamanns áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

■ **13. gr.** *Umsögn maka eða sambúðarmaka.*

□ Ef sá sem ættleiða á er í hjúskap eða í óvígðri sambúð skal leita umsagnar maka hans eða sambúðarmaka.

■ **14. gr.** *Gjald.*

□ Ættleiðingarleyfi verður ekki veitt ef einhver sá sem samþykkja á ættleiðingu innir af hendi eða veitir viðtöku gjaldi eða fríðindum í tengslum við samþykkið, þar á meðal vegna missis atvinnutekna. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum þeirra sem málið varðar um þetta.

II. kafli. Meðferð og úrlausn ættleiðingarmála.

■ **15. gr.** *Umsókn um ættleiðingarleyfi.*

□ Umsókn um leyfi til ættleiðingar og yfirlýsing um samþykki til ættleiðingar skulu rituð á eyðublöð sem [sýslumaður]¹⁾ lætur í té.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **16. gr.** *Umsögn varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar.*

□ [Leita skal umsagnar [barnaverndarþjónustu]¹⁾ um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt.]²⁾

□ Leita skal umsagnar [barnaverndarþjónustna]¹⁾ varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar í umdæmi þar sem barn býr og þar sem umsækjendur búa, svo og þeirrar [barnaverndarþjónustu]¹⁾ sem ráðstafað hefur barni í fóstur ef því er að skipta.

□ Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn [barnaverndarþjónustu]¹⁾ ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

□ [Ráðuneytið]³⁾ skal setja reglugerð⁴⁾ um gerð umsagna [barnaverndarþjónustna].¹⁾

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr. ²⁾ L. 69/2006, 5. gr. ³⁾ L. 162/2010, 159. gr. ⁴⁾ Rg. 238/2005, sbr. 996/2009 og 1585/2022.

■ **17. gr.** *Ættleiðingarnefnd.*

□ [[Ráðherra]¹⁾ skal skipa nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem sýslumaður eða ráðuneytið leggur fyrir hana. Ráðherra getur falið nefndinni fleiri verkefni og sett nánari reglum um störf hennar.]²⁾

□ Nefndarmenn skulu vera þrír og jafnmargir til vara. Þeir skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna vera lögræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar læknir og þriðji sálfræðingur eða félagsráðgjafi.

□ Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun [ráðherra].¹⁾

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ L. 143/2006, 13. gr.

■ **18. gr.** *Útgáfa ættleiðingarleyfis.*

□ Að fenginni umsögn [barnaverndarþjónustu]¹⁾ og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að fullnægðum . . . ²⁾ lögmaeltum skilyrðum leysir [sýslumaður]³⁾ svo fljótt sem auðið er úr því hvort ættleiðingarleyfi verður veitt.

□ Ef [sýslumaður]³⁾ ákveður að veita leyfi til ættleiðingar gefur hann út leyfisbréf til umsækjenda um ættleiðinguna.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr. ²⁾ L. 69/2006, 6. gr. ³⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **19. gr.** *Ákvörðun um fyrirhugaða veitingu ættleiðingarleyfis.*

□ Ef [sýslumaður]¹⁾ ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggja ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun. Þar skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaðan byggist á, og önnur atriði er máli skipta. Enn fremur skal þar greina heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og máлshöfðunarfræst.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **20. gr.** *Synjun umsóknar um ættleiðingu.*

□ Ef synjað er um ættleiðingu skal það gert með úrskurði. Í úrskurði skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á, og önnur atriði er máli skipta.

□ [Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um ættleiðingu til [ráðherra]¹⁾ innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.]²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ L. 143/2006, 14. gr.

■ **21. gr.** *Staðfesting ættleiðingarleyfis þrátt fyrir ágalla.*

□ [Sýslumaður]¹⁾ getur að ósk þeirra sem málið varðar staðfest með afturvirkum réttaráhrifum ættleiðingarleyfi sem veitt hefur verið án þess að lögmaeltra skilyrða hafi verið gætt. Þegar sérstaklega stendur á getur staðfesting átt sér stað eftir andlát kjörbarns eða kjörforeldris.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **[21. gr. a. Tilkynning um málalok.**

□ Sýslumaður skal senda umsagnaraðilum skv. 11.–13. gr. tilkynningu um málalok.]¹⁾

¹⁾ L. 35/2018, 2. gr.

III. kafli. Dómsmál vegna ættleiðingar.

■ **22. gr.** *Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.*

□ Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun [sýslumanns]¹⁾ um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.

□ Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til [Landsréttar].²⁾

□ Dómsúrskurður um gildingun ákvörðunar [sýslumanns]¹⁾ skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.

□ [Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt lögum þessum setja kæru til Landsréttar og fer um kæraneika og kæru og meðferð kærumála fyrir Landsrétti samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

□ Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar.²⁾

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr. ²⁾ L. 117/2016, 63. gr.

■ **23. gr. Málskostnaður.**

□ Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og [fyrir Landsrétti og]¹⁾ Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr.

¹⁾ L. 117/2016, 64. gr.

■ **24. gr. Málsmeðferð o.fl.**

□ Dómsmál skv. 22. gr. sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

□ Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en úrskurðinn eða dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

□ Nú er úrskurður eða dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvaða barn úrskurðurinn eða dómurinn varði.

IV. kafli. Réttaráhrif ættleiðingar.

■ **25. gr. Réttaráhrif.**

□ Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

□ Nú ættleiðir annað hjóna barn hins eða kjörbarn og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þeirra hjóna. Sama er ef sá sem er í óvígðri sambúð ættleiðir barn hins.

V. kafli. Upplýsingaskylda kjörforeldra og aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

■ **26. gr. Upplýsingaskylda kjörforeldra.**

□ Kjörforeldrar skulu skýra kjörbarni sínu frá því jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

□ Kjörforeldrar eiga rétt á ráðgjöf viðkomandi [barnaverndarþjónustu]¹⁾ við upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr.

■ **27. gr. Aðgangur kjörbarns að upplýsingum.**

□ Þegar kjörbarn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá [ráðuneytinu]¹⁾ hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr.

VI. kafli. Ættleiðingar barna erlendis.

■ **28. gr. Framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um ættleiðingar.**

□ [Ráðherra]¹⁾ hefur yfirumsjón með framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. Tekst ráðherra á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á svonefndu miðstjórnvaldi samkvæmt samningnum.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur sett reglugerð sem kveður á um framkvæmd samningsins hér á landi.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr.

■ **29. gr. Ættleiðingar erlendis.**

□ Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis, nema [sýslumaður]¹⁾ samþykki það með útgáfu forsamþykki til ættleiðingarinnar.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **30. gr. Umsókn um forsamþykki.**

□ Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til [sýslumanns].¹⁾ Umsókn skal rituð á eyðublað sem [sýslumaður]¹⁾ lætur í té.

□ [Ráðherra]²⁾ getur mælt fyrir um að með umsókn skv. 1. mgr., eða áður en forsamþykki er gefið út, skuli umsækjendur leggja fram staðfestingu á að þeir hafi sótt námskeið um ættleiðingar erlendra barna. Ráðherra getur sett nánari reglur³⁾ um inntak þess, skipulagningu og gjaldtöku.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr. ²⁾ L. 162/2010, 159. gr. ³⁾ Rg. 238/2005, sbr. 1585/2022.

■ **31. gr. Umsögn varðandi umsókn um forsamþykki.**

□ [Leita skal umsagnar [barnaverndarþjónustu]¹⁾ um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis séu ekki uppfyllt.]²⁾ [Þó er ekki skylt að leita umsagnar [barnaverndarþjónustu]¹⁾ ef umsækjendur hafa fengið útgefið forsamþykki á síðustu fjórum árum og umsókn þeirra um ættleiðingu er til umfjöllunar hjá erlendu ættleiðingaryfirvaldi nema hagir umsækjenda hafi breyst verulega að mati sýslumanns.]³⁾

□ Leita skal umsagnar [barnaverndarþjónustu]¹⁾ varðandi umsókn um forsamþykki í udmæmi þar sem umsækjendur búa.

□ Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn [barnaverndarþjónustu]¹⁾ ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr. ²⁾ L. 69/2006, 7. gr. ³⁾ L. 51/2008, 1. gr.

■ **32. gr. Útgáfa forsamþykkis.**

□ Að fenginni umsögn [barnaverndarþjónustu]¹⁾ og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að uppfylltum . . . ²⁾ lög-mæltum skilyrðum tekur [sýslumaður]³⁾ afstöðu til umsóknar um forsamþykki svo fljótt sem föng eru á.

□ Í forsamþykki skal m.a. koma fram að væntanlegir kjörforeldrar teljist hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu erlendu ríki, að væntanlegt kjörbarn fái landvist hér á landi til fram-búðar og að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð á barninu frá þeim tíma sem það yfirgefur heimaland sitt eins og væri það ís-lenskur ríkisborgari.

□ [Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í þrjú ár frá út-gáfudegi.]⁴⁾ [Heimilt er þó að framlengja gildistíma forsamþykkis einu sinni í allt að 12 mánuði ef sérstaklega stendur á.]²⁾

□ [Sýslumanni]³⁾ er heimilt að afturkalla forsamþykki, enda telji hann að aðstæður umsækjenda hafi breyst verulega frá útgáfu þess eða upplýsingar er máli skipta hafi reynst rangar.

¹⁾ L. 107/2021, 44. gr. ²⁾ L. 69/2006, 8. gr. ³⁾ L. 143/2006, 12. gr. ⁴⁾ L. 51/2008, 2. gr.

■ **33. gr. Synjun um forsamþykki.**

□ Ef synjað er um forsamþykki skal það gert með úrskurði á sama hátt og greinir í 20. gr.

□ [Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um forsamþykki til [ráðherra]¹⁾ innan tveggja mánaða frá dag-setningu úrskurðar.]²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ L. 143/2006, 15. gr.

■ **34. gr. Ættleiðingarfélög.**

□ [Ráðherra]¹⁾ löggildir félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis.

□ Löggilding skal vera tímabundin og skal í löggildingar-skjali greint til hvaða erlendra ríkja hún taki.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur reglur²⁾ um skilyrði fyrir löggildingum ættleiðingarfélaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Ráð-

herra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ Rg. 453/2009, sbr. 123/2011.

■ **35. gr. Milliganga um ættleiðingar.**

□ Löggilt ættleiðingarfélög ein mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu um ættleiðingar er átt við starfsemi sem hefur þann megintilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða erlent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur sett reglur²⁾ um að þeim sem óska eftir að ættleiða erlent barn sé skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu skv. 34. gr.

□ Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings.

□ Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ Rg. 238/2005, sbr. 1585/2022.

VII. kafli. Lögsögureglur o.fl.

■ **36. gr. Lögsaga í ættleiðingarmálum.**

□ Manni sem búsettur er hér á landi er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum þessara laga.

■ **37. gr. Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar.**

□ Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

□ [Sýslumaður]¹⁾ getur einnig heimilað að umsókn um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna sérstakra tengsla umsækjenda við landið.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um ættleiðingar sem fram fara samkvæmt Haag-samningi frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **38. gr. Réttaráhrif ættleiðinga barna erlendis.**

□ Ef forsamþykki hefur verið gefið út samkvæmt ákvæðum þessara laga gildir ættleiðing sem veitt hefur verið erlendis á grundvelli þess hér á landi.

□ [Sýslumaður]¹⁾ getur ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi.

¹⁾ L. 143/2006, 12. gr.

■ **39. gr. Erlend ættleiðing sem andstað er grunnreglum íslenskra laga.**

□ Ættleiðing sem fram fer erlendis er ekki gilt hér á landi ef hún gengur í berhöggi við grunnreglur íslensks réttar (alls-herjarreglu).

■ **40. gr. Frávik vegna þjóðréttarsamninga.**

□ [Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið að víkja megi frá einstökum ákvæðum laga þessara ef það er talið nauðsynlegt til að fullnægja skyldum sem Ísland hefur bundist eða kann að bindast með þjóðréttarsamningum.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr.

VIII. kafli. Stjórnvaldsreglur, gildistaka, brottfall laga og lagaskil.

■ **41. gr. Stjórnvaldsreglur.**

□ [Ráðherra]¹⁾ getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð,²⁾ [þar á meðal um þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla].³⁾

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr. ²⁾ Rg. 238/2005, sbr. 470/2007, 821/2007, 996/2009 og 1585/2022. Rg. 453/2009, sbr. 123/2011. Rg. 1264/2011, sbr. 1152/2014. ³⁾ L. 69/2006, 9. gr.

■ **42. gr. Gildistaka og brottfallin lög.**

□ Lög þessi taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra.

□ . . .

■ **43. gr. Lagaskil.**

□ Úr ættleiðingarumsóknum og umsóknum um forsamþykki sem borist hafa [ráðuneytinu]¹⁾ fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum nr. 15/1978. Ef umsækjendur óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

¹⁾ L. 162/2010, 159. gr.